



Sytem Lackfärg Halvmatt

Vörunr. 5701

Lýsing

Sytem Lackfärg Halvmatt (5701) er alkýðbundin lakkmalning, ætluð til nota innanhúss. Lakkið er mjög létt í allri vinnslu, það lekur ekki niður við málun, flýtur og þekur vel. Lakkið myndar harða og sterka filmu með háan gljáa og gott veðrunarþol.

Notkun

Sytem Lackfärg Halvmatt (5701) er ætlað til notkunar á húsgögn, hurðir, glugga o.fl. innanhúss.

Tæknilegar upplýsingar

Litir: NCS-litakerfi	Purrefni: 43 % (rúmmál)
Gljástig: Hálfmatt - 35	Þynnir: Terpentína
Pakkingar: 1/2, 1 og 4 lítra	Áhaldahreinsir: Terpentína
Efnisnotkun: 8-10 m ² /l	Þurrktími: 5 klst
Eðlisþyngd: 1,3 kg/l	Yfirmálun: Lágmark: 16 klst

Undirmálun

Notið Beckers Snickerispackel við spörtlun og ílögn. Hægt er að grunna með alkýðgrunnum, eins og Hempalin grunnmálningu (4246), Hempalin ryðvarnargrunni (1205), Hempalin menju (1320) og Grepp Grundfärg (4242). Einnig er hægt að grunna með akrýlgrunnum eins og Hemukrýl bitgrunni (1820) og Aqua Snickerislip (4243).

Áhöld

Pensill, rúlla eða sprauta. Sé Sytem Lackfärg Halvmatt sprautað skal nota Standardfortunning NT-63 (0814). Hreinsið áhöld með terpentínu eða Penslasápu strax að lokinni notkun.

Vinnutilhögun

Nýmálun

Viður og spónaplötur: Fjarlægið ryk og önnur óhreinindi. Grunnið með Hempalin grunnmálningu (4246), Grepp Grundfärg (4242) eða Aqua Snickerislip (4243). Að lokum eru málaðar 1-2 umferðir með **Sytem Lackfärg Halvmatt** (5701).

Járn og stál: Hreinsið burt ryð, fitu og önnur óhreinindi. Grunnið með alkýðgrunnum eins og Hempalin ryðvarnargrunni (1205), Hempalin menju (1320), Hempalin grunnmálningu (4246), eða Grepp Grundfärg (4242). Að lokum eru málaðar 1-2 umferðir með **Sytem Lackfärg Halvmatt** (5701).

Galvaniseraðir fletir og ál: Hreinsið fitu og önnur óhreinindi. Grunnið með Hemukrýl bitgrunni (1820) og fylgið leiðbeiningum varðandi notkun hans. Málið síðan yfir með 1-2 umferðum af **Sytem Lackfärg Halvmatt** (5701).

Endurmálun

Fjarlægið olíu, fitu, óhreinindi og gamla lausa málningu. Ef flöturinn er mjög gljáandi og sléttur er nauðsynlegt að matta hann með fínum sandpappír og grunna hann með viðeigandi grunni.

Viður: Þvoið með Málningarhreinsi (6208) og skolið vandlega með vatni. Grunnið með Hempalin grunnmálningu (4246), Grepp Grundfärg (4242) eða Aqua Snickerislip (4243). Lokamálun með 1-2 umferðum af **Sytem Lackfärg Halvmatt** (5701).


Járn og stál: Hreinsið burt ryð. Blettið með Hempalin ryðvarnargrunni (1205) eða Hempalin menju (1320). Málið 2-3 umferðir með **Sytem Lackfärg Halvmatt**.

Athugasemdir

- **Sytem Lackfärg Halvmatt** er alkýðmálning og má því ekki fara beint á galvanhúð.
- Notið Beckers Snickerispackel og grunnið yfir spartlið.

Varúðarmerkingar

Nauðsynlegt er að lesa og fara eftir notkunar- og öryggisleiðbeiningum. Ávallt skal varast innöndun lífrænna leysiefna og málningarúða. Mjög áriðandi er að hafa góða loftræstingu við meðhöndlun málninga sem þynntar eru með lífrænum leysiefnum. Þegar málningu er sprautað skal nota andlitsgrímur og nauðsynlegan hlífðarfatnað.



Inniheldur terpentínu.

Hættulegt við innöndun, í snertingu við húð og við inntöku. Varist innöndun gufu/úða. Má aðeins nota á vel loftræstum stað.

Geymist þar sem börn ná ekki til.